

Fundargerð
255. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs
Þriðjudaginn 28. ágúst 2018 kl. 12¹⁵ – 13⁴⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) (fjarverandi)
Dagbjört V. Birgisdóttir (DVB) vm (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Ársreikningur
- (3) Lagabreytingar
- (4) Rekstur
- (5) Stjórnarfundir
- (6) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (254. fundar).

Samþykkt


2. Ársreikningur

Lagður var fram á fundinum ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2017. Fjársýslan sendi reikninginn til árritunar. ÓK fór yfir reikninginn og ítrekaði jafnframt að reikningurinn er gerður í samræmi við LOF (Lög um opinber fjármál). ÓK telur hann ekki í samræmi við lög um úrvinnslugjald nr. 162/2002.

ÓK gerði grein fyrir fundi sínum með Ríkisendurskoðun og Fjársýslunni í tengslum við vinnu Ríkisendurskoðunar við ársreikning sjóðsins. ÓK telur að framleiðendaábyrgð gæti verið í uppnámi gangi áætlanir FJR eftir.

Stjórn telur sig ekki geta samþykkt ársreikning Úrvinnslusjóðs 2017 þar sem hann stangast á við lög um úrvinnslugjald 162/2002. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna þessa niðurstöðu til Fjársýslu ríkisins.

Stjórnarmenn munu upplýsa sína umbjóðendur um stöðu mála og óska eftir aðstoð samtaka sinna við að fá stjórnvöld til að halda óbreyttu fyrirkomulagi vegna innheimtu úrvinnslugjalds líkt og fyrri ár.



3. Lagabreytingar

Lagt var fram á fundinum frumvarp um nokkrar lagfæringar á álagningu úrvinnslugjalds á tollnúmer vegna olíu og hjólbarða. ÓK fór yfir frumvarpið.

4. Rekstur

Á fundinum var lagt fram yfirlit yfir rekstur sjóðsins fyrstu sex mánuði ársins 2018. ÓK fór yfir helstu niðurstöður.

5. Stjórnarfundir


Lögð var fram á fundinum tillaga að stjórnarfundum haustsins.

6. Önnur mál

GS fór yfir væntanlega sendingu af blönduðu heimilisplasti á vegum Gámaþjónustunnar til Þýskalands. Um eitt hundrað tonn verða send til endurvinnslu og mun verða gerð sérstök úttekt á innhaldi sendingarinnar. Einnig munu aðilar frá Mepex A/S í Noregi fylgast með sundurgreiningu á efninu og nýta niðurstöður í vinnu við að efnagreina heimilisplast er fellur til á Norðurlöndunum. Verkefnið er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og er Úrvinnslusjóður þátttakandi í verkefninu fyrir hönd Íslands. Niðurstöður á að nota til að búa til „fact sheet“ fyrir framleiðendur umbúða og búa til leiðbeiningar til framleiðenda umbúða og vöru sem notast við plastumbúðir hvaða efnisnotkun er æskilegust við framleiðslu umbúða úr plasti m.t.t. endurvinnslu þeirra (best practices).

Næsti fundur ákveðinn 18. september 2018.

Fundi slitið kl. 13.45



The image shows three handwritten signatures in blue ink. The top signature is the largest and most prominent, followed by two smaller signatures below it. The signatures are written in a cursive style.